



Valáfangar í 8.-10. bekk Skólaárið 2019-2020



Námsskipan og valáfangar í 8. - 10. bekk skólaárið 2019-2020

Valgreinar eru ekki aukagreinar. Þær eru jafn mikilvægar og skyldu-námsgreinarnar og kröfur um ástundun og árangur eru á engan hátt minni í valgreinum en í skyldunámsgreinum. Tilgangur með valfrelsi er að gera nemendum kleift að leggja eigin áherslur í námi miðað við áhugasvið og framtíðaráform. Þeir þurfa að horfa til framtíðar, gera upp við sig hvert þeir vilja stefna og meta af raunsæi hvað þeir þurfa að gera til að ná takmarki sínu.

Framboð valgreina er mismunandi á ári hverju. Nemendur velja þær greinar sem þeir hafa mestan áhuga á og síðan aðrar greinar til vara. Valgreinar eru ýmist kenndar allt skólaárið eða í 8 – 9 vikna lotum.

Í þessu hefti eru upplýsingar um þær valgreinar sem verða í boði í Háaleitisskóla næsta vetur ef næg þátttaka fæst í hópa. Flestar kjarnagreinar eru bóklegar og því getur verið hentugt fyrir marga nemendur að velja einhverjar verklegar greinar til að auka fjölbreytni námsins.

Það skal tekið fram að aðstæður geta orðið á þann veg að erfitt getur orðið að verða við aðal óskum nemenda um valgrein og þá er vara kosturinn valinn. Einnig áskilur skólinn sér rétt til að fella niður námstilboð ef umsækjendur eru of fáir.

Mikilvægt er að nemendur fari vel yfir lýsingar á valgreinum með foreldrum eða forráðamönnum sínum og íhugi vandlega hvað sé æskilegt að velja. Einnig getur verið gott fyrir nemendur að ræða við umsjónarkennara eða kennara einstakra greina og fá hjá þeim leiðsögn. **Skipulag á stundatöflu næsta vetrar tekur mið af valgreinum og því er ekki hægt að breyta vali í haust þegar skóli hefst.**

Það er von okkar að allir nemendur finni áhugaverða valkosti.

Nemendur eru beðnir að vera búnir að skila inn sínu vali fyrir 19. maí nk. Valið er gert á netinu (<https://bit.ly/2HskxZF>).

Með kveðju
Skólastjórn

Valgreinar sem kenndar eru allt árið

Íþróttir/þjálfun – í samvinnu við UMFN eða Keflavík

Þetta er valfag fyrir nemendur sem hafa stundað sömu íþrótt undanfarin tvö ár eða lengur. Aðeins kemur til greina að viðurkenna þjálfun nemenda sem stunduð er hjá deildum íþróttafélaga sem hlotið hafa viðurkenningu ÍSÍ sem fyrirmyndarfélag/fyrirmyndardeild. Nemendur greiða sjálfir æfingagjöld og annan kostnað til íþróttafélagsins. Til þess að nemendur geti valið þennan kost þurfa þeir að fá undirskrift frá þjálfara, foreldri og umsjónarkennara. Eyðublaðið fá nemendur hjá aðstoðarskólastjóra í upphafi skólaárs.

Markmið: Að viðurkenna störf nemenda innan íþróttafélaganna og hvetja þá til að taka íþrótt sína alvarlega.

Kennslutilhögun: Nemendur stunda þjálfun sinnar íþróttagreinar undir stjórn þjálfara. Háaleitisskóli metur þjálfunina til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Nemendur skila inn staðfestingablaði með undirskrift þjálfara og forráðamanns tvisvar sinnum á skólaárinu sem staðfestir að hann sé virkur í íþróttinni.

Námsmat: Lokið/ólókið.

Tónlistarnám – í samvinnu við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar

Þetta er valfag fyrir nemendur sem stunda tónlistarnám við Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Nemendur greiða sjálfir skólagjöld og annan kostnað til Tónlistarskólans.

Markmið: Að viðurkenna tónlistarnám nemenda og hvetja þá til að taka tónlistarnám sitt alvarlega.

Kennslutilhögun: Nemendur stunda tónlistarnám undir leiðsögn tónmenntakennara. Háaleitisskóli metur tónlistarnámið til jafns við tveggja kennslustunda vikulega valgrein innan skólans. Nemendur skila inn staðfestingablaði með undirskrift tónlistarkennara og forráðamanns tvisvar sinnum á skólaárinu sem staðfestir að hann sé virkur í náminu.

Námsmat: Lokið/ólókið.

Ef nemandi hættir í tómstund/íþrótt ber foreldrum skylda til þess að láta deildarstjóra vita um leið. Verður nemandi þá úthlutað nýrri valgrein.

Fjórheimaval

Kennt í Fjórheimum (88 húsinu) að kvöldlagi kl. 19:30 – 21:30.

Markmið: Að nemendur kynnist því starfi sem unnið er í félagsmiðstöðinni, taki þátt í klúbbastarfi og sækji þá fræðslu sem boðið er uppá. Nemendur kynnast krökkum úr öðrum skólum og vinna með þeim að ýmsum verkefnum.

- Afþreyingargildi

Háaleitisskóli

- að nemendur eiga góðar stundir með jafnöldrum
- Menntunargildi
 - mikilvægt að í frítíma fáist ungmenni við fjölbreytt og skapandi verkefni
- Forvarnargildi
 - þátttaka í skipulögðu félagsstarfi í umsjá fagfólks í öruggu umhverfi hefur mikið forvarnargildi

Kennslutilhögun: Nemendur mæta í klúbb að minnsta kosti einu sinni í viku og taka þátt í því starfi sem þar er boðið uppá.

Námsmat: Mætingar, áhugi og virkni metinn.

Athugið að þessi valgrein er kennd að kvöldlagi í Fjörheimum og þurfa nemendur sjálfir að koma sér á staðinn. Nemendur geta að sjálfsgöðu nýtt sér Fjörheimaskutlarann en þá hringja þeir í símanúmerið 768-7488 og biðja um að vera sótt. Starfsfólk Fjörheima sér um að keyra bílinn og ná í nemendur.

Nemendur velja sér einn klúbb/ ráð:

- Sk8roots (mánudaga kl. 19:30 – 21:30)
- Tónlist, tækni og íþróttir (miðvikudaga kl. 19:30 – 21:30)
- Föstudagsklúbburinn (föstudaga kl. 19:30 – 21:30)
- Unglingaráð Fjörheima (þriðjudaga kl. 20:30 – 21:30)

Námsmat: Lokið/ólókið. Mætingarskylda einu sinni í viku frá kl. 19:30 – 21:30

Nemendaráð

Valgreinin er ætluð þeim sem hafa mikinn áhuga á félagsstörfum.

Markmið: að nemendur:

- efli sinn félagslega þroska t.d. sjálfsmynd og sjálfstraust
- efli færni sína í tjáningu og samskiptum
- efli leiðtogaþæfileika sína að þjálfa nemendur:
 - í lýðræðislegum vinnubrögðum
 - í skipulagningu og framkvæmd viðburða
 - í fundarsköpum, tjáningu og framsögn.

Kennslutilhögun: Hlutverk nemendaráðs Háaleitisskóla er m.a. að skipuleggja félagsstarf í skólanum, gæta að hagsmunum nemenda, miðla upplýsingum milli nemenda og stjórnenda skólans og taka þátt í viðburðum sem fram fara á skólaárinu. Ætlast er til að nemendaráð myndi góð tengsl við nemendur skólans og verði yngri nemendum góð fyrirmynd. Skólinn gerir þá kröfu til stjórnar nemendaráðs að í því sitji ábyrgir nemendur sem sýni af sér góða hegðun, frumkvæði í vinnubrögðum, stundi námið vel og hafi góða skólasókn. Nemendur vinna mikið í hópum og kynna hugmyndir sínar. Þeir læra að setja upp viðburði, auglýsa þá og stjórna þeim. Unnið verður

Háaleitisskóli

markvisst að framsögn, fundarsköpum, eflingu sjálfsmyndar og lýðræðislegum vinnubrögðum. Nemendur sem eru í nemendaráði er skylt að vinna á viðburðum sem haldnir eru í skólanum. Farið verður yfir umsóknir og viðtöl tekin – ekki komast allir að sem vilja. Á haustin fer fram kosning á formanni, varaformanni, gjaldkera, ritara og meðstjórnenda auk þess sem skipað verður í nefndir, s.s. auglýsinga-, tónlistar-, íþróttar- og ljósmyndanefnd. Áætlað er að nemendaráð taki virkan þátt í starfi skólans og taki á móti skólaheimsóknum fyrir hönd Háaleitisskóla. Fulltrúi frá nemendaráði situr fundi í skólaráði. Fundir með stjórnendum fara fram tvisvar yfir skólaárið, einn á hvorri önn. Valið nær yfir allt skólaárið og gildir sem 4 valgreinar.

Námsmat: Ástundun, virkni og vinnusemi metin. Lokið/lokið.

Helstu viðburðir á skólaárinu

Sameiginleg diskótek fyrir 5.-7. bekk

Íþróttamót milli skóla og innan skóla

Diskótek og viðburðir fyrir nemendur Háaleitisskóla

Gettu ennþá betur fyrir 8.-10. bekk

Árshátíðarball fyrir 8.-10. bekk í Reykjanesbæ

Skólahreysti

Tvær kennslustundir á viku - að mestu verkleg kennsla.

Farið er í grunnæfingar fyrir Skólahreysti þ.e. styrktar, þol og hraðaæfingar. Áhersla er lögð á tækniatriði og reglur í sambandi við Skólahreystibrautina auk annarra þátta er skipta máli s.s. mataræði á keppnisdegi og á undirbúningstímabilinu. Skólahreystikeppni grunnskólanna fer fram á hverju vori.

Markmiðið: Að þjálfar fulltrúa okkar fyrir keppnina. **Þeir sem velja þennan áfanga munu taka þátt í undankeppni Háaleitisskóla í Skólahreysti og verða því allir að vera tilbúnir til að taka þátt í lokakeppninni.**

Námsmat: Áhugi, virkni, framfarir og árangur. Lokið/ólókið.

Framhaldsskólaáfangar – FS

Samtals 4 valgreinar í samvinnu við Fjölbrautaskóla Suðurnesja

Inntökuskilyrði í valgreinar í FS:

Stærðfræði - STÆR2AH05: Nemandi uppfyllir skilyrði um framúrskarandi hæfni við lok 9. bekkjar eða hefur lokið námsefni 9. bekkjar með framúrskarandi hæfni við lok 8. bekkjar. Einnig er litið til lykilhæfni nemandans, svo sem sjálfstæði, þrautseigju, vinnusemi, ábyrgð á eigin námi, nýtingu miðla og skapandi hugsun.

Enska - ENSK2005: Nemandi uppfyllir skilyrði um framúrskarandi hæfni við lok 9. bekkjar eða hefur lokið námsefni 9. bekkjar með framúrskarandi hæfni við lok 8. bekkjar. Einnig er litið til lykilhæfni nemandans, svo sem sjálfstæði, þrautseigju, vinnusemi, ábyrgð á eigin námi, nýtingu miðla og skapandi hugsun.

Háaleitisskóli

Þýska – ÞÝSK1ÞO05: Fyrir nemendur í 10. bekk sem eru góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við einu tungumáli. Einnig er litið til lykilhæfni nemandans, svo sem sjálfstæði, þrautseigju, vinnusemi, ábyrgð á eigin námi, nýtingu miðla og skapandi hugsun.

Spænska - SPÆN1SO05: Fyrir nemendur í 10. bekk sem eru góðir í tungumálum/íslensku þannig að þeir geti bætt við einu tungumáli. Einnig er litið til lykilhæfni nemandans, svo sem sjálfstæði, þrautseigju, vinnusemi, ábyrgð á eigin námi, nýtingu miðla og skapandi hugsun.

Rafmagn - RAFG1KY05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Litið er til lykilhæfni nemandans, svo sem sjálfstæði, þrautseigju, vinnusemi, ábyrgð á eigin námi, nýtingu miðla og skapandi hugsun.

Húsasmíði - HÚSA1KY05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Litið er til lykilhæfni nemandans, svo sem sjálfstæði, þrautseigju, vinnusemi, ábyrgð á eigin námi, nýtingu miðla og skapandi hugsun.

Textíl og hár - TXHÁ1FH05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk. Litið er til lykilhæfni nemandans, svo sem sjálfstæði, þrautseigju, vinnusemi, ábyrgð á eigin námi, nýtingu miðla og skapandi hugsun.

Leikjaforritun - FORR1LE05: Fyrir nemendur í 9. og 10. bekk sem eru góðir í stærðfræði. Litið er til lykilhæfni nemandans, svo sem sjálfstæði, þrautseigju, vinnusemi, ábyrgð á eigin námi, nýtingu miðla og skapandi hugsun.

Mætingareglur Fjölbrautaskóla Suðurnesja

- Þeir nemendur sem eru í valfögum í Fjölbrautaskóla Suðurnesja þurfa að fara eftir þeim mætingareglum sem gilda í FS.
- Gert er ráð fyrir að nemendur mæti í allar kennslustundir. Tímarnir hefjast kl. 14:50 og þeim lýkur kl. 16:15.
- Ef nemendur eru veikir eða þurfa leyfi þarf grunnskólinn að tilkynna það með tölvupósti eða á skrifstofu FS í síma 421-3100.
- Grunnskólarnir eru látnir vita ef það falla niður tímar í FS.
- Það er ekki frí í valfögunum þó að kennsla falli niður í grunnskólunum, til dæmis vegna starfsdaga eða annars.
- Ef nemendur sjá fram á það að vera frá skóla í einhvern tíma, til dæmis vegna utanlandsferða, er hentugra fyrir þá að taka valfög í grunnskólanum. Það er mjög erfitt fyrir nemendur að missa úr tíma í FS, þar sem þeir eru bara einu sinni í viku, sérstaklega í verklegum greinum þar sem þeir hafa ekki möguleika á því að vinna verkefni heima.

Mætingareglurnar má skoða í heild sinni á heimasíðu skólans www.fss.is undir skólinn, almennar upplýsingar og skólareglur.



Háaleitisskóli

Innritunargjald

Nemendur sem velja sér valgrein í FS þurfa að greiða innritunargjald kr. 6.000.

Skipting kennslu á daga – kl. 14:50 – 16:15

Þriðjudagar	Miðvikudagar	Fimmtudagar
Spænska	Enska	Stærðfræði
Þýska	Textíll og hár	Leikjaforritun
Rafmagn	Húsasmíði	

Valgreinar sem kenndar eru lotum

**List- og verkgreinar (merktar með stjörnu)*

Aðstoð í kennslu / uppeldisfræði

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi í grunnskóla og fái innsýn í þau störf sem þar eru. Nemendur fá í upphafi kennslu og fræðslu um lestrarþjálfun og kennslu/aðstoð.

Kennslutilhögun: Nemendur aðstoða starfsmenn í yngri bekkjum skólans.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Aðstoð í Krakkaheimum (frístund) / uppeldisfræði

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur kynnist fjölbreyttu starfi frístundaheimilisins og fái innsýn í þau störf sem þar er unnin eins og uppeldi, umönnun og afþreyingu fyrir börn.

Kennslutilhögun: Nemendur aðstoða starfsmenn frístundaheimilisins.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Aðstoðarkennarinn – heimilisfræði*

Tvær kennslustundir á viku.

Nemandi fær innsýn í undirbúning fyrir kennslu í heimilisfræði, s.s. að finna námsefni (uppskriftir), gera innkaupalista, áætla magn og versla inn með aðstoð kennara.

Markmið: Að nemandi tileinki sér skipulagningu og sjái að undirbúningur skipir miklu máli við kennslu. Að nemandi tileinki sér góð vinnubrögð og þekki algengustu áhöld og tæki ásamt því að fá þjálfun í að nota mælitæki af ýmsum gerðum til að matbúa eftir uppskriftum. Áhersla er lögð á að nemandi þekki helstu hreinlætiskröfur og geti sýnt hreinlæti í verki.

Kennslutilhögun: Nemandi vinnur í nánu samstarfi með kennara, fær frá honum námsefni og verkefni.

Námsmat: Símat fer fram í kennslustundum og gildir 100%. Lokið/ólókið.

Bakstur og kökuskreytingargerð*

Tvær kennslustundir á viku.

Nemendur læra að baka mismunandi gerðir af kökum, hvernig smjörkrem eru búin til og ýmsar aðferðir sem hægt er að nota til að skreyta með. Kennt verður hvernig megi nota ýmis bragðefni og hvernig hægt er að búa til blóm og sykurmassa.

Markmið: Í þessum valáfanga læra nemendur að baka ýmsar gerðir af kökum og spreyta sig á einföldum kökuskreytingum. Unnið verður með smjörkremsskreytingar, sykurmassa o.fl.

Háaleitisskóli

Kennslutilhögun: Einfaldur kökubakstur og gerð smjörkremis og ýmsar aðferðir til að skreyta.

Námsmat: Metin verða sjálfstæð vinnubrögð, hópavinna, hvernig nemendur fara með eldhúshöld og hráefni. Lokið/ólókið.

Boltaval

Ein kennslustund á viku.

Markvisst íþrótta- og hreyfinám hefur ekki aðeins góð áhrif á líkamlega heilsu hvers nemanda, heldur hefur það einnig jákvæð áhrif á andlega og félagslega líðan.

Markmið: Að nemendur fái aukna hreyfingu, geri sér grein fyrir áhrifum hreyfingar á líkamann og fái fjölbreytta kynningu á ýmsum bolta greinum. Einnig verður fjallað á hagnýtan hátt um heilbriggt líf og lífverni.

Kennslutilhögun: Nemendur munu spila blak, handbolta, fótbolta, körfubolta sem og aðrar boltaíþróttir.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Enski boltinn

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Megintilgangur kennslu í enska boltanum er að nemendur öðlist dýpri þekkingu og skilning á ýmsum atriðum í tengslum við enska knattspyrnu.

Kennslutilhögun: Tímarnir eru bóklegir. Í þeim er farið yfir enska boltann frá hinum ýmsu sjónarhornum þar sem m.a. er farið yfir ýmsa tölfræði, efri og neðri deildir, árangur einstaklinga og liða, sögu félaga, leikgreiningu og fleira.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Fatahönnun – Fatasaumur*

Tvær kennslustundir á viku.

Nemendur vinna að eigin hugmyndum til útfærslu í fatasaum. Unnið er með tilbúin snið þar sem nemendur aðlaga sniðin að eigin hugmyndum og saumi fullkláraða flík.

Markmið: Að nemendur læra fylgja verki sínu frá hugmynd að fullunnu verki og temji sér vönduð vinnubrögð.

Kennslutilhögun: Verkleg þjálfun umræður.

Námsmat: Mat á verkefnum, virkni, ástundun og hugmyndavinna. Lokið/ólókið.

Fjármálalæsi

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemandi þekki og kunnir skil á helstu hugtökum á fjármálum í daglegu lífi.

Námsefni: Fyrstu skref í fjármálum ásamt vinnubók og glærum frá kennara.

Kennslutilhögun: Nemandi kynnist og fái tilsögn um fjármál og geti notfært sér þekkingu sína á læsi í fjármálum og vinni raunhæf verkefni í kjölfarið. Námskeiðið

Háaleitisskóli

skiptist í þrennt fyrsti hluti fer yfir um uppruna og ráðstöfun fjármuna þar eru tekin fyrir muninn á tekjum og útgjöldum þar læra nemendur að lesa úr launaseðlum, því næst er farið yfir hvað skattar og lífeyrissjóðir eru og í lokinn er farið yfir muninn á greiðslukortum og peningum.

Annar hluti fer yfir eignir og lán þar er farið yfir vexti og vaxta útreikninga mismunandi sparnaðarform og tegundir af lánum, þar öðlast nemendur þekkingu á vöxtum, muninn á skuldum og eignum ásamt mismunandi áhættu á sparnaðarformum.

Þriðji hluti fjallar um nokkur góð ráð í fjármálum.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum, 30%, einstaklingsverkefni 40% og hópverkefni 30%

Fjölmiðlun

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur:

- kynnist heimi fjölmiðla ljósvaka, prent- og vefmiðlum
- þjálfist í að skrifa ýmiskonar blaðagreinar, s.s. pistla, fréttir, viðtöl og gagnrýni
- öðlist aukið fjölmiðlalæsi
- kynnist hugmynda- og skipulagsvinnu sem fylgir fjölmiðlum
- kynnist ólíkum gerðum fjölmiðla, sögu þeirra og aðferðum
- temja sér fagleg vinnubrögð og vandvirkni í meðferð heimilda.
- kynnist ólíkum vinnubrögðum fyrir prentaða miðla og ljósvakamiðla

Kennslutilhögun:

Nemendur fá fræðslu um fjölmiðla. Þeir læri að búa til fréttir, taka viðtöl ofl.

Skoðaðar ólíkir fréttamiðlar og hvernig fréttir og efni sett fram á þeim

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Grafík*

Tvær kennslustundir á viku.

Dúkrista fellur undir þá tegund listar sem nefnist einu nafni grafík. Undir grafík falla allar þrykkaðferðir sem eiga það sameiginlegt að mynd er yfirfærð af þrykkplötu yfir á pappír, tau o.fl. Í grafík er auðvelt að gera myndir í mörgum eintökum en teiknuð mynd er aðeins í einu eintaki.

Markmið: Að nemendur læri grunntæknina á bak við grafík (dúkristun og prentun). Að nemendur læri að skapa og vinna sjálfstætt. Að nemendur öðlist þekkingu á efnum og áhöldum. Að nemendur fái tækifæri til þess að þróa ímyndunaraflíð og sköpun.

Kennslutilhögun: Þemað kynnt. Munnleg innlögn verkefna. Dæmi sýnd. Aðferðir sýndar. Einstaklingkennsla. Unnið er frá hugmynda- og skyssuvinnu til tilbúinna verkefna. Notað verður mismunandi dúkahnífar / dúkskurðarjárnir, linoleum dúkar, blýantar, tússlitir, reglustikur, mismunandi pappír, grafíkrúllur og grafík blek.

Háaleitisskóli

Námsmat: Byggist á ástundun, frumkvæði, hugmynda- og skyssuvinnu, virkni og verklagi. Hvert verkefni er metið til einkunnar. Lokið / ólokið.

Harry Potter

Tvær kennslustundir á viku.

Fyrir þá sem hafa áhuga á Harry Potter heiminum og langar til að fræðast enn meira um hann og vilja fá tækifæri til að hitta aðra sem hafa jafn mikinn áhuga á bókunum og/eða kvikmyndunum.

Markmið: Nemendur munu taka þátt í umræðum um galdraheim Harry Potter, lesa bækur og horfa á kvikmyndir.

Kennslutilhögun: Í tímum verður ýmist fræðsla og umræða, lestur eða áhorf.

Námsmat: Ástundun og virkni. Lokið/ólokið.

Heilbrigði og vellíðan

Tvær kennslustundir á viku.

Hvernig getum við lifað heilbrigðu og heilsusamlegu lífi? Hvaða þætti þurfum við að huga að?

Markmið: Að nemandinn öðlist víðtæka þekkingu á gildi heilbrigðra lífshátta og eins mataræði, svefni, hreyfingu, hugleiðslu, tímastjórnun og markmiðasetningu. Hann fái tækifæri til að kynnst ýmsum leiðum til að viðhalda heilbrigði og hamingju með æfingum og verkefnavinnu á þessum fyrr nefndu þáttum.

Kennslutilhögun: Verklegar æfingar, ferilmöppugerð og umræður.

Námsmat: Byggir á virkni í tímum og ferilmöppu (portfolio). Nemandi þarf að hafa mætt í a.m.k. 50% tíma til að fá valáfangann metinn. Lokið/ólokið.

Heimanám

Tvær kennslustundir á viku.

Nemendur geta valið að fara í heimanámstíma sem verður einu sinni í viku, þar sem kennari aðstoðar þá með heimanámið. Lögð er áhersla á kjarnagreinar. Ef nemendur eru ekki með heimanám þá vikuna er tíminn notaður til að lesa í frjálislestrarbók.

Námsmat: Ástundun og vinna í tímum metin. Lokið/ólokið.

Heimilisfræði*

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur læri að matreiða fjölbreyttan og hollan mat, baki og læri að lesa uppskriftir t.d. boostgerð, súpugerð, salatgerð, brauðgerð og bakstur. Að nemendur. Áhersla er lögð á að nemendur þekki helstu hreinlætiskröfur og geti sýnt hreinlæti í verki.

Að nemendur:

Háaleitisskóli

- öðlist færni í að vinna sjálfstætt og sýni vandvirkni og geri sér grein fyrir mikilvægi hreinlætis
- þjálfist í mismunandi bakstur og eldunaraðferðum, geti unnið sjálfstætt eftir mismunandi uppskriftum.
- læri að þekkja og nota mismunandi hráefni
- tileinki sér góðum vinnubrögðum og góðar vinnustellingar
- þekki algengustu áhöld og tæki ásamt því að fá þjálfun í að nota mælitæki af ýmsum gerðum til að baka og elda með

Námsmat: Ástundun og vinna í tímum metin. Lokið/ólókið.

Hieroglyfur

Tvær kennslustundir á viku.

Hieroglyfur eru forn egypskar helgirúnir (myndletur) og er ritkerfi sem forn Egyptar notuðu fyrir um 5000 árum. Í þessu vali myndu nemendur læra grunninn af því að lesa úr þessu forna lettri.

Markmið: Að nemendur kynnist undirstöðuatriðum hieroglyfurs (stafróf og helstu tákn). Nemendur læra hvernig hægt sé að teikna og túlka þetta forna letur. Auk þess verður farið í megineinkenni fornrar egypskar menningar og sögu þess.

Kennslutilhögun: Kynningar og fræðsla á hieroglyfri og ýmsar æfingar í ritun (teikningum) og túlkun.

Námsmat: Ástundun, virkni og þekking á undirstöðuatriðum. Lokið/ólókið.

Hugrækt (sjálfsstyrking og kvíðastjórnun)

Tvær kennslustundir á viku.

Valgrein sem miðar að því að styrkja hvern og einn nemanda. Áhersla verður lögð á sjálfsskoðun og nemendum kenndar aðferðir til að fylgjast með eigin líðan og bregðast við. Við skoðum hvernig við sjáum okkur sjálf og með hvaða hætti við getum stýrt eigin tilfinningum og hugsunum. Við finnum lausnir í samskiptum og ákvörðum á hvaða hátt við getum sýnt ábyrga hegðun. Hvernig getum við verið ákveðin á beinan, heiðarlegan og viðeigandi hátt án þess að móðga og hvernig getum við tekið gagnrýni? Hvernig getum við skipulagt tíma okkar þannig að við höfum pláss fyrir það sem við þurfum að gera og það sem okkur finnst mikilvægt og skemmtilegt. Við skoðum markmiðssetningar og á hvaða hátt við getum skilgreint óskir okkar og jafnvel látið þær rætast.

Markmið:

- Að efla og auka jákvæða hugsun.
- Að styrkja sjálfsþekkingu og sjálfsmynd nemenda.
- Að nemendur séu meðvitaðir um hvað hefur áhrif á líðan þeirra og hvað hægt er að gera til að stjórna henni.
- Að styrkja samskiptahæfni.

Háaleitisskóli

- Að nemendur þekki aðferðir sem hjálpa þeim til að takast á við erfiðleika sem upp koma í daglegum samskiptum og finna úrræði þegar þess er þörf.

Kennslutilhögun: Mikil fjölbreytni í verkefnum, til dæmis umræður, leikir, hópavinna og skrifleg verkefni.

Námsmat: Engin próf, en krafa gerð um að hver einstaklingur skili vinnubók með verkefnum sem flest eru unnin í tímum. Dagbókarskrif og nokkur heimaverkefni. Ætlast er til að nemendur taki virkan þátt í öllum kennslustundum. Lokið/ólókið.

Húð og förðun*

Tvær kennslustundir á viku.

Farið er í gegnum umhirðu húðar, grunnatriði í sambandi við förðun og mismunandi aðferðir sem að hægt er að nota.

Markmið: Að nemendur læra að hugsa vel um húðina og læri grunnatriði í förðun.

Kennslutilhögun: Verkleg þjálfun umræður.

Námsmat: Virkni í tímum og ástundun. Lokið/ólókið.

Jóga/dans*

Tvær kennslustundir á viku.

Markvisst hreyfinám hefur áhrif á líkamlega, andlega og félagslega heilsu.

Markmið: Að nemendur kynnist undirstöðuatriðum í jóga og dansi ásamt því að efla sjálfstraust.

Kennslutilhögun: Tímar byrja á upphitun og undirstöðuatriðum í jóga svo er farið í grunnæfingar í dansi og endað á slökun.

Námsmat: Ástundun, virkni og þekking á undirstöðuatriðum. Lokið/ólókið.

Leiklist*

Tvær kennslustundir á viku – tvær samliggjandi lotur (nr. 2 og 3 – verður að velja báðar)

Markmið: Að nemendur öðlist sjálfstraust og færni til að koma fram og finni til ábyrgðar gagnvart hlutverki og flutningi þess. Að þeir átti sig á því að leiklist er samspil nokkurra þátta, og krefst þolinmæðisvinnu en er jafnframt ákaflega skemmtileg. Að nemendur hafi gagn og gaman af.

Kennslutilhögun: Æfa radd- og líkamsbeitingu og samhæfingu líkama, raddar og túlkunar, eins textatúlkun og samlestur sem og sviðsframkoma. Notaðar verða ýmsar upphitunaraðferðir jafnt til að losa um líkamstjáningu sem og raddbeitingu. Nota líkamann til túlkunar. Æfa það að flytja og túlka texta og túlka persónur/hlutverk með tilliti til líkamsbeitingar. Lokaafurð verður svo skilað á frambærilegan máta fyrir framan áhorfendur á árshátíð skólans.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Háaleitisskóli

Leirlist – 1*

Tvær kennslustundir á viku.

Í Leirlist fá nemendur tækifæri til þess að læra að tjá sig án orða, læra að þekkja sjálfan sig og heiminn í kringum sig í gegnum efnisheiminn. Nemendur þróa ímyndunaraflíð og sköpun.

Markmið: Að nemendur læri grunntæknina á bak við leirmótun og geta efla skilning á þrívídd. Að nemendur læri að búa til stytur og nytjahluti. Að nemendur öðlist þekkingu á efnum og áhöldum.

Kennslutilhögun: Þemað kynnt. Munnleg innlögn verkefna. Aðferðir sýndar. Einstaklingkennsla. Áhersla lögð á formfræði og þrívídd myndbyggingu. Leirmunir og þrívíddarmyndir eru unnir í steinleir og rauðleir. Unnið er frá hugmynda- og skyssubókavinnu til fullmótaðra listmuna.

Námsmat: Byggist á ástundun, frumkvæði, hugmynda- og skyssuvinnu, virkni og verklagi. Hvert verkefni er metið til einkunnar. Lokið / ólokið.

Leirlist – 2*

Tvær kennslustundir á viku.

Í Leirlist fá nemendur tækifæri til þess að læra að tjá sig án orða, læra að þekkja sjálfan sig og heimurinn í kringum sig í gegnum efnisheiminn. Nemendur þróa ímyndunaraflíð og sköpun.

Markmið: Að nemendur læri framhaldstæknina á bak við leirmótun og geta eflt skilning á þrívídd. Að nemendur læri að búa til stytur og nytjahluti. Að nemendur öðlist þekkingu á efnum og áhöldum ásamt tæknilegu ferli brennslunnar.

Kennslutilhögun: Þemað kynnt. Munnleg innlögn verkefna. Aðferðir sýndar. Einstaklingkennsla. Áhersla lögð á formfræði og þrívídd myndbyggingu. Leirmunir og þrívíddarmyndir eru unnir í steinleir og rauðleir. Unnið er frá hugmynda- og skyssubókavinnu til fullmótaðra listmuna. Sögu leirlistarinnar er gerð skil.

Námsmat: Byggist á ástundun, frumkvæði, hugmynda- og skyssuvinnu, virkni og verklagi. Hvert verkefni er metið til einkunnar. Lokið / ólokið.

Listasaga*

Tvær kennslustundir á viku.

Í Listasögu öðlast nemendur tækifæri til þess að tjá sig, læra að þekkja sjálfan sig í gegnum menningu samfélagsins og heiminn. Nemendur þroska persónulega tjáningu og smekk. Í listum geta nemendur rýnt í gildi samfélagsins á ólíkum tímum og einnig persónuleg gildi s.s. gagnvart einstaklingum, fjölskyldu, samfélaginu, vinnu og leik, náttúru og umhverfi, fegurð og ljótleika, ofbeldi og ást.

Markmið: Að nemendur læri listasögu og allt á bak við hana (menningargildi). Að nemendur fái tækifæri til þess að þroska persónulega tjáningu og smekk. Að nemendur efli gagnrýna hugsun. Að nemendur læri að vinna saman í hópum. Að nemendur efli sjálfsöryggi. Að nemendur nýti sér tölvutækni við upplýsingarleit.

Háaleitisskóli

Kennslutilhögun: Þemað kynnt. Munnleg innlögn verkefna. Aðferðir sýndar á töflu og á myndbönd. Sýniskennsla. Dæmi sýnd. Farið verður yfir mismunandi listamenn og ólíka tímar listasögunnar. Fjölbreytt verkefni unnin frá þema / kveikju. Unnið verður í hópum frekar en einstaklingsverkefni. Nemendahópur kynnir verkefnið sitt um frægan listamann/listakonu eða listastefnu fyrir samnemendum.

Námsmat: Byggist á ástundun, frumkvæði, hugmyndavinnu, virkni og verklagi. Lokið / ólokið.

Líf eftir skóla

Tvær kennslustundir á viku.

Fjallað er um mun á þekkingar- og fjölbrautakerfi, einingar, inntökuskilyrði o.fl. farið yfir vinnumarkaðinn, þ.e. hvers vegna vinnum við? Farið í hlutverk verkalýðsfélaga og lífeyrissjóða. Atvinnumál- Hvernig sækir maður um starf? Hæfni, kunnátta og færni og kunna að lesa á launaseðil. Gerð starfsumsóknna og ferilskrár- Rafræn ferilskrá (Europass). Nemendur kynna sér helstu atvinnugreinar og starfsstéttir á Íslandi.

Markmið:

- Þekking mismunandi skólastig
- Skilja vinnumarkaðinn
- Að nemendur kunni að sækja um vinnu

Kennslutilhögun: Umræður, verkefnavinna o.fl.

Námsmat: Byggir á verkefnum og virkni í kennslustundum.

Ljósmyndun og vinnsla*

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: að nemendur:

- fái fræðslu um sögu og grunnþætti ljósmyndunar.
- vinni verkefni sem dýpka þekkingu og eykur gæði ljósmynda.
- læra að taka myndir og vinna með þær.
- setji upp ljósmyndavefsíðu þar sem þeir koma ljósmyndunum sínum fyrir

Kennslutilhögun: Nemendur fá fræðslu um grunnþætti ljósmyndunar. Unnin verða verkefni sem dýpka þekkingu og eykur gæði ljósmynda. Nemendur koma til með að vinna einhvern hluta utan kennslustofu. Nemendur setja upp ljósmyndavefsíðu þar sem þeir koma ljósmyndunum sínum fyrir

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Markþjálfun

Tvær kennslustundir á viku.

Nemendur læra um mikilvægi markmiðssetningar og hvernig á að setja sér markmið. Læra að greina sína styrkleika og leggja rækt í þá.

Markmið: Að nemendur geta sett sér markmið í námi og einkalífi. Læri að setja sér skammtíamarkmið og langtíamarkmið.

Háaleitisskóli

Kennslutilhögun: Kynning, fræðsla og verkefnavinna.

Námsmat: Dagbókarvinna, ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Photoshop grunnur

Tvær kennslustundir á viku.

Nemendur fá kennslu í grunnatriðum photoshop og helstu tóli þess, m.a. hvernig hægt er að nota það í vinnslu ljósmynda og til að gera teikningar og aðra myndlist.

Markmið: Að nemendur læri á grunnatriði í myndvinnslu og á teiknitól forritsins.

Kennslutilhögun: Kennsla fer fram í tölvu í forritinu photoshop og munu nemendur fá kennslu á eitt eða fleiri tól í hverri viku.

Námsmat: Ástundun, virkni og þekking á undirstöðuatriðum forritsins. Lokið/ólókið.

Píla

Tvær kennslustundir á viku.

Pílukast hefur verið iðkað síðan 1860 í Bretlandi en barst til Íslands í kringum 1985, fyrsti Íslandsmeistarinn 1986. Iðkendur eru um 400 á Íslandi í dag og eru sex Íslandsmót haldin ár hvert.

Markmið: Að nemendur fái kynningu á pílu sem íþróttagrein.

Kennslutilhögun: Nemendum eru kennd undirstöðuatriði í pílu, reglur leiksins og ýmsar útgáfur af píluleikjum.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

(ath. valgrein er kennd í aðstöðu Pílufélags Reykjanesbæjar (Keilisbraut 755) – kl. 14:15 – 15:30)

Rúnaletur

Tvær kennslustundir á viku.

Rúnaletur er letur frá tímum Víkinganna og var ristað aðallega á stein, bein og við. Í þessu vali myndu nemendur læra þrjár tegundir rúnaleturs frá þremur mismunandi tímabilum víkingatímans.

Markmið: Að nemendur kynnist undirstöðuatriðum rúnaleturs og kynnist þremur gerðum letursins. Nemendur læra að skrifa og lesa fornar rúnaristir og hvernig megi túlka þær.

Kennslutilhögun: Kynningar og fræðsla á rúnaletri og ýmsar æfingar í lestri, skrift og túlkun.

Námsmat: Ástundun, virkni og þekking á undirstöðuatriðum. Lokið/ólókið.

Rökræðulist

Tvær kennslustundir á viku.

Nemendur mynda sér skoðanir á samfélagslegum hlutum, fylgjast með málefnum líðandi stunda.

Háaleitisskóli

Markmið: Nemendur læri að rökstyðja mál sitt, læri að ræða heimspekileg málefni og hvenær er rétt að taka ákveðnar ákvarðanir út frá siðferðilegum sjónarmiðum.

Kennslutilhögun: Verklegar æfingar í tjáningu, hvernig á að koma skilaboðum frá sér á skýran hátt.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Sagnfræðinörðar

Tvær kennslustundir á viku.

Leynast einhverjir sagnfræðinörðar í hópnum? Í þessu vali myndum við kafa dýpra í ákveðna þætti sögunnar. Hvaða atburðir eða tímabil sem yrðu fyrir valinu myndi ráðast af áhugasviði nemenda. Við gætum farið alveg aftur til þróun mannsins, hið mikla ríki Grikkja og Rómverja, Azteka í Suður-Ameríku, Víkingatímanna, Styrjaldirnir eða hvað sem nemendur hafa helst áhuga á að verða sérfræðingar um.

Markmið: Að nemendur kafi dýpra í ákveðna atburði í sögunni sem þeir hafi áhuga á og dýpki skilning sinn og þekkingu á sögunni.

Kennslutilhögun: Fræðsla og þekkingarleit, umræður og ýmis verkefni.

Námsmat: Ástundun, virkni og þekking á undirstöðuatriðum. Lokið/ólokið.

Sjónlist – 1*

Tvær kennslustundir á viku.

Nemendur öðlast tækifæri til þess að læra að tjá sig án orða, læra að þekkja sjálfan sig í tengslum við náttúruna og efnisheiminn. Nemendur þróa ímyndunaraflið og sköpun.

Markmið: Að nemendur læri tæknina á bak við teiknun, málun, formfræði og myndbyggingu. Að nemendur fái tækifæri til þess að þroska persónulega tjáningu og smekk, gagnrýnnar hugsunar og sköpun.

Kennslutilhögun: Þemað kynnt. Munnleg innlög verkefna. Aðferðir sýndar á töflu og á myndbönd. Einstaklingkennsla. Farið verður yfir undirstöðuatriði sjónlistar (teiknun, málun, litfræði og myndbyggingu). Fjölbreytt verkefni unnin frá þema / kveikju með tækni eins og blýanti, krít, vatns- og akrýl litum.

Námsmat: Byggist á ástundun, frumkvæði, hugmynda- og skyssuvinnu, virkni og verklagi. Lokið / ólokið.

Sjónlist – 2*

Tvær kennslustundir á viku.

Í Sjónlist fá nemendur tækifæri til þess að læra að tjá sig án orða, læra að þekkja sjálfan sig og heiminn í kringum sig. Nemendur þróa ímyndunaraflið og sköpun.

Markmið: Að nemendur læri tæknina á bak við fjarviddarteiknun, hlutateiknun og uppstillingateiknun. Að nemendur efli skilning á fjarvidd. Að nemendur fái tækifæri til þess að efla sköpunarhæfileika.

Háaleitisskóli

Kennslutilhögun: Þemað kynnt. Munnleg innlögn verkefna. Aðferðir sýndar á töflu og á myndbönd. Einstaklingkennsla. Áhersla lögð á formfræði og myndbyggingu.

Nemendur vinna á form og línur, grátónaskalann og skyggingar, með blýanti og tús slitum.

Námsmat: Byggist á ástundun, frumkvæði, hugmynda- og skyssuvinnu, virkni og verklagi. Lokið / ólokið.

Skák

Tvær kennslustund á viku.

Markmið: Að nemendur:

- fái aukna innsýn í skákina.
- efli áhuga sinn og kynnist undirstöðuatriðum skákinnar.

Kennslutilhögun: Nemendur læra skákreglur, mannganginn ásamt byrjunar og endatöflum. Þeir fá fræðslu um klassískar skákir helstu skákmeistarana og spreyta sig á því að spila saman skák.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Skotfimi

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: Að nemendur fái kynningu á skotfimi sem íþróttagrein.

Kennslutilhögun: Nemendum eru kennd undirstöðuatriði í riffilskotfimi, stöðu, miðun, gikktækni og öndun. Nemendum eru kenndar helstu aðferðir við þrístöðu skotfimi (liggjandi, krjúpandi og standandi). Ítarleg yfirferð verður á öryggisreglum og umgengni við/og notkun skotvopna.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

(ath. valgrein er kennd utan skólatíma í inniaðstöðu Skotdeildar Keflavíkur

(Vatnaveröld) – kl. 16:15 – 17:35)

Spil

Tvær kennslustundir á viku.

Kennslutilhögun: Í þessu vali eru hefðbundin borðspil eins og Jungle Speed, Heilaspuni, Alias, Pictionary og Dungeons and Dragons. Einnig munum við spila þekkt og óþekkt spil á spilastokkinn, spil eins og t.d. félagsvist, lauma, skítakall, olsen olsen, kani, og kasína.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.

Stuttmyndagerð*

Tvær kennslustundir á viku

Markmið: Að nemandi:

- fái innsýn í heim kvikmynda

Háaleitisskóli

- geti notfært sér þau tæki og forrit sem nauðsynleg eru við stuttmyndagerð
- kynnist hugmynda- og skipulagsvinnu sem fylgir kvikmyndagerð
- fái tækifæri til að nýta nýjustu tækni til sköpunar

Kennslutilhögun: Leiðsögn við gerð stuttmynda á iPad/spjaldtölvur. Farið verður í handritagerð, myndatökur og klippingar. Nemendur læri að gera handrit að stuttmynd og búa til stuttmynd. Nemendur vinna saman í hóp, þróa hugmynd og útfæra hana sem kvikmynd. Nemendur gera kynningu, stiklu (trailer) fyrir myndina sína.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólókið.

Söngur*

Tvær kennslustundir á viku.

Markviss þjálfun í söng og rétttri raddbeitingu sem þjálfar og þroskar nemandann í sönglist.

Markmið: Að nemandinn geti flutt sönglög, popp, jazz eða þjóðlög opinberlega á skemmtunum eða viðburðum innan skólans.

Kennslutilhögun: Tímarnir byrja á upphitun og raddæfingum. Síðan er farið í að velja og læra sönglag sem verða flutt á tónfundi, hugsanlega á sal skólans.

Námsmat: Ástundun, virkni og þekking á undirstöðuatriðum. Lokið/ólókið.

Tolkien heimurinn

Tvær kennslustundir á viku.

Fyrir þá sem hafa áhuga á Lord of the Rings og Hobbita heiminum og langar til að fræðast enn meira um hann og vilja fá tækifæri til að hitta aðra sem hafa jafn mikinn áhuga á bókunum og/eða kvikmyndunum.

Markmið: Nemendur munu taka þátt í umræðum um heim Tolkiens, Miðgarð og allt sem tilheyrir honum, lesa um hann og horfa á kvikmyndir.

Kennslutilhögun: Í tímum verður ýmist fræðsla og umræða, lestur eða áhorf.

Námsmat: Ástundun og virkni. Lokið/ólókið.

Tónsköpun*

Tvær kennslustundir í viku.

Markviss sköpun í tónlist eykur þroska og sköpunarmátt Nemandans.

Markmið: Að nemendur kynnist undirstöðuatriðum í frjálsri tónsköpun.

Kennslutilhögun: Tímar byrja á kynningu á grunnatriðum í tónsköpun og þeim verkærum sem verða notuð í náminu þ.e. iPad. Nemendur leiddir áfram inn í heim tónsköpunar og farið yfir verkefni tímans.

Námsmat: Ástundun, virkni og þekking á undirstöðuatriðum. Lokið/ólókið.

Háaleitisskóli

Tónlist A – Ö*

1 kennslustund á viku (kennt með Ukulele samspil).

Kennslutilhögun:

Nemendur kynnast allskyns tónlistarstefnum, tónlistarsögu og frægum tónlistarmönnum samtímans. Einnig fá nemendur að velja tónlist til að hlusta á og kynnast frekar í samráði við kennara.

Námsmat: Ástundun og vinna í tímum metin. Lokið/ólokið.

Ukulele samspil*

1 kennslustund á viku (kennt með Tónlist A-Ö).

Kennslutilhögun:

Ein kennslustund á viku. Markmið: Að læra undirstöðu atriði í að spila á Ukulele gítar. Kennslutilhögun: Allir fá ukulele í tíma til að spila á. Æft verður samspil, grunn hljómar, spuni, taktur og lög.

Námsmat: Ástundun og vinna í tímum metin. Lokið/ólokið

Vélmenni og forritun

Tvær kennslustundir á viku.

Markmið: að nemendur:

- kynnist nokkrum gerðum vélmenna
- kynnist hvernig vélmenni vinna
- kynnist undirstöður forritunar
- fái innsýn í að forrita vélmenni og stjórna þeim

Kennslutilhögun: Nemendur læra að forrita í bæði spjaldtölvum og borðtölvum. Nemendur læra undirstöður forritunar og vinna með ýmsar gerðir forritunarmáls. Nemendur kynnast hvernig vélmenni vinna eftir forritunar skipunum.

Námsmat: Ástundun og virkni í tímum metin. Lokið/ólokið.